

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 160 29. nóvember 1956, um takmörkun leigubifreiða á Akureyri og ráðstöfun atvinnuleyfa, sbr. reglugerð nr. 89 4. júní 1963.

1. gr.

Í stað „225“ í 1. málsgrein 1. gr. reglugerðarinnar, eins og henni er breytt með reglugerð nr. 89 4. júní 1963, komi: 250.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi 1. gr. reglugerðar nr. 89 4. júní 1963.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum um leigubifreiðar í kaupstöðum og kauptúnum, nr. 40 29. maí 1957, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 24. maí 1965.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

REGLUGERÐ

fyrir bændaskólana á Hólum og Hvanneyri og fyrir framhaldsnám í búfræði á Hvanneyri.

A. BÚFRÆÐINÁM

I. KAFLI

Hlutverk bændaskólanna, skipulag og stjórn þeirra.

1. gr.

Tilgangur skólanna er að veita bændaefnum hagnýta þekkingu í búrekstri.

2. gr.

Á skólajörðunum skulu rekin kennslu- og tilraunabú. Þar verði gerðar tilraunir og athuganir í jarðrækt, búfjárrækt, gerð og skipulagi peningshúsa og véltækni. Tilraunirnar skulu gerðar í samráði við Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

3. gr.

Skólarnir heyra undir landbúnaðarráðuneytið, landbúnaðarráðherra hefur í hendi yfirstjórn þeirra og skólabúanna.

4. gr.

Ráðherra getur, eftir tillögum skólastjóra bændaskólanna, ákveðið verkaskiptingu milli skólanna í einstökum greinum, svo og ákveðið um eitt ár í senn, að einungis önnur deild þeirra starfi.

5. gr.

Heimilt er í samráði við landbúnaðarráðuneytið að halda námskeið við bændaskólana fyrir bændur og bændaeftirbýr, svo og fyrir leiðbeinandi menn á sviði landbúnaðarins. Námskeið þessi séu til hvatningar og fræðslu.

6. gr.

Skólarnir starfa í tveimur deildum, yngri og eldri deild. Skólasetning skal fara fram eigi síðar en 15. október. Jólaleyfi er frá 21. desember til 4. janúar að báðum dögum meðtöldum. Kennsla fer ekki fram 1. desember. Heimilt er að fella niður kennslu allt að einum degi í mánuði eða lengja jólaleyfi allt að því, sem þessu nemur. Heimilt er að hafa 5 daga páskafrí. Skólaslit fari fram ekki síðar en 15. maí.

Heimilt er að hafa námskeið í mælingum og öðrum verklegum greinum allt að hálfum mánuði á ári utan hins venjulega skólatíma.

7. gr.

Vanræki nemandi nám, mæti ekki í kennslustundir eða til verklegs náms eða brjóti reglur skólans, ber skólastjóra að áminna hann. Ef það ber ekki árangur, skal honum vísað úr skóla.

II. KAFLI

Skólastjórar, kennarar, störf þeirra og launakjör.

8. gr.

Við hvorn skóla skulu vera í það minnsta sex starfsmenn, skólastjóri og eigi færri en fimm kennarar, miðað við fullt skólastarf. Starfsmenn þessir skulu hafa kandidateispróf í búfræði, eða að minnsta kosti hliðstæða menntun. Ef sérstakur kennari er ráðinn til kennslu í almennum námsgreinum, smíðum og leikfimi, skal gera til hans sömu menntunarkröfur og kennara við skóla gagnfræðastigsins.

Kennari í vélfræði, meðferð og hirðingu búvéla, skal hafa lokið prófi í þeim greinum eða hlotið á annan hátt þá þekkingu og starfsþjálfun, sem skólastjóri og ráðherra telja fullnægjandi.

Þeir menn, er lokið hafa námskeiði í kennslutækni til viðbótar kandidateisprófi í búfræði, skulu að öðru jöfnu ganga fyrir í þessi störf. Ráðherra skipar skólastjóra og kennara að fengnum tillögum skólastjóra. Aukakennara ræður skólastjóri.

9. gr.

Laun skólastjóra og kennara skulu vera samkv. kjarasamningum starfsmanna ríkisins.

Fyrir bústjórn skulu greidd sérstök laun samkvæmt samningi, er ráðherra staðfestir.

Skólastjóri skipuleggur kennsluna og störf, sem kennurum eru falin. Honum ber að halda kennarafundi, þegar hann telur ástæðu til eða þegar meiri hluti kennara óskar þess. Á þessum fundum skulu skólastjóri og kennarar ræða framkvæmd kennslunnar og annað, sem við kemur starfsemi stofnunarinnar. Skólastjóri skal fylgjast með störfum kennaranna og námi nemenda. Honum er heimilt að fela kennurum eftirlit með nemendum. Kennsluskylda skólastjóra er 12 st. á viku.

Skólastjóri sér um eignir stofnunarinnar og reikningshald. Reikningarnir skulu gerðir upp um áramótin og þeim skilað til stjórnarráðsins. Skýrsla um skólann skal gefin út annað hvert ár.

Skólastjóri sjái um, að nemendur geti haft sameiginlegt mótuneyti, en ella selji skólabúin nemendum fæði og þjónustu við kostnaðarverði.

10. gr.

Kennurum ber að gegna öllum störfum sínum með áhuga og samvirkusemi gagnvart nemendum og stofnuninni í heild.

Starfstími þeirra skal vera 9 mánuðir á ári.

Kennsluskylda búfræðikennaranna er 27 st. á viku, en kennara í almennum námsgreinum, smíðum og leikfimi 30 st. (45 mínútur). Nú hefur kennari ekki fulla kennslu þann tíma, sem skólinn starfar og ber honum þá að vinna störf í þágu stofnunarinnar í þess stað, t. d. eftirlit með nemendum, í bókasafni, við tilraunir og rannsóknir, að viðhaldi á húsbúnaði og húsum skólans svo og á viðhaldi á vélum og tækjum skóla og skólabús.

Á sama hátt ber kennurum að vinna að ofangreindum störfum þótt skóla sé slitið, þar til starfstími þeirra hvert ár er orðinn 9 mánuðir. Um daglegan vinnutíma, skal miðast við ákvæði kjaradóms.

III. KAFLI

Inntaka og inntökuskilyrði.

11. gr.

Skriflega beiðni um upptöku í skólann skal senda skólastjóra fyrir lok ágúst-mánaðar hvert ár. Skólastjóri veitir inntöku í skólann og svarar umsækjendum.

12. gr.

Skilyrði fyrir inntöku í skólann eru þessi:

- a. að umsækjandi sé fullra 17 ára, þó getur skólastjóri veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstakar ástæður mæla með,
- b. að hann hafi unnið minnst eitt ár við landbúnaðarstörf eftir fermingu,
- c. að hann hafi óflekkað mannorð og sé ekki haldinn smitandi sjúkdómi.
- d. Heimilt er að taka nemendur inn í eldri deild skólans, ef þeir að dómi skólastjóra hafa aflað sér bóklegar þekkingar, er samsvari a. m. k. námi yngri deildar. Skulu þeir ganga undir próf í þeim námsgreinum yngri deildar, sem skólastjóri ákveður.

IV. KAFLI

Námsefni og próf.

13. gr.

Kennslu í einstökum námsgreinum skal hagað svo sem hér segir í aðaldráttum:

1. Íslenzka. Aðalmarkmið kennslunnar er, að nemendur læri að lesa íslenskt mál vel og rita það rétt. Einnig skal vekja áhuga þeirra á því bezta í bókmenntum þjóðarinnar.
2. Stærðfræði.
 - a. Reikningur. Kenna skal almennan reikning, prósentureikning og jöfnur.
 - b. Flatar- og rúmmálsfræði. Skýra skal helztu flatar- og rúmmálsmyndir og kenna að reikna út flatarmál og rúmmál.
3. Reikningshald. Kenna skal notkun búrekningsforma og skýra helztu tekju- og gjaldaliði landbúnaðarins.
4. Þjóðfélagsfræði. Skýra skal helztu grundvallaratriði í fyrirkomulagi og stjórn þjóðfélagsins.
5. Búnaðarhagfræði. Kenna skal um skipulag búreksturs og hvaða grundvallaratriði þurfa að vera fyrir hendi til þess að hægt sé að reka búskap og láta hinar einstöku búgreinar gefa arð.
6. Búnaðarsaga. Kenna skal ágrip af búnaðar- og verzlunarsögu þjóðarinnar.

7. Búnaðarlandafræði. Áherzla skal lögð á lýsingu Íslands og landbúnað og hagi þeirra þjóða, er hafa mesta þýðingu fyrir viðskipti Íslendinga.
 8. Grasafræði. Í henni skal kennt hið helzta um byggingu, eðli og þroskaskilyrði plantna. Nemendur skulu læra að þekkja helztu plöntur, er skipta máli fyrir íslenzkan landbúnað.
 9. Eðlisfræði. Mest áherzla sé lögð á afl- og rafmagnsfræði.
 10. Efnafraði. Nemendur skulu fá fræðslu um hin helztu frumefni, efnasambönd og efnabreytingar. Megináherzla skal þó leggja á fræðslu um þau efni, sem þýðingu hafa fyrir plöntur og dýr.
 11. Steina- og jarðfræði. Kenna skal ágrip af almennri jarðfræði. Leggja þó aðaláherzlu á jarðmyndun og bergtegundir á Íslandi.
 12. Liffærafræði. Aðallega skal skýra fyrir nemendum byggingu og störf líffæra búfjárins.
 13. Búfjárfræði. Kenna skal rækilega um allar búfjartegundir okkar, kynbætur þeirra, uppeldi, meðferð og fóðrun. Einnig um algengustu búfjársjúkdóma og meðferð þeirra svo og lífeðlisfræði búfjárins.
 14. Mjólkurfræði. Skýra skal fyrir nemendum eðli mjólkur, efnasamsetningu, meðferð og mjaltir.
 15. Gerlafræði. Kenna skal nemendum helztu gerlategundir, sem þýðingarmestar eru fyrir landbúnaðinn.
 16. Erfðafræði. Skýra skal helztu lögmál arfgengis og kynbóta plantna og dýra.
 17. Jarðræktarfræði. Leggja skal áherzlu á hagnýta kennslu í almennri jarðræktarfræði, svo sem um girðingar, jarðveg, framræslu, vatnsveitingar, jarðvinnslu, áburð, grasrækt, ræktun garðjurta og korns o. fl. einnig undirstöðuatríði í skógrækt.
 18. Véla- og verkfærafræði. Kenna skal um þær vélar og verkfæri, sem á hverjum tíma eru talin hentugust fyrir landbúnað okkar.
 19. Húsbyggingar. Kenna skal helztu undirstöðuatríði í fyrirkomulagi og byggingu búpeningshúsa hér á landi.
 20. Tungumál. Kenna skal undirstöðuatríði í einu norðurlandamáli og ensku.
 21. Leikfimi og íþróttir. Nemendur skulu iðka líkamsæfingar og íþróttir, er miða að því að gera líkama þeirra hraustan og liðugan.
 22. Söngur. Iðka skal söng í skólanum.
- Ráðherra staðfestir kennslubækur fyrir skólana, að fengnum tillögum skólastjóranna.

14. gr.

Í verklegum greinum skal viðhafa þá fjölbreytni í námi, sem hægt er að koma við. Sérstaka áherzlu skal leggja á meðferð véla og verkfæra þeirra, sem bændur nota, land- og hallamælingar, hirðingu búfjár og húsmíðar. Enn fremur skal, eftir því sem aðstæður leyfa, sýna nemendum vinnubrögð við jarðræktarstörf, tilraunir og annað það, sem bóklega námið fjallar um.

15. gr.

Kennarar prófa hver í sinni námsgrein og ákveða í samráði við skólastjóra hvort úrlausnarefni skuli vera skriflegt eða munnlegt eða hvort tveggja. Einkunnir skal gefa eftir frammistöðu nemenda, sbr. 18. og 20. gr.

16. gr.

Einkunnir skal gefa sem hér segir: Gefa skal tvær einkunnir fyrir jarðræktarfræði og búfjárfræði hvora um sig. Gefa skal eina einkunn fyrir eftirtaldar námsgreinar: Íslenzku, reikning, flatar- og rúmmálsfræði, búreikninga, grasafræði, eðlisfræði, efnafraði, líffærafræði, véla- og verkfærafræði og dráttlist og landmælingar.

Hálfa einkunn skal gefa fyrir eftirtaldar námsgreinar: Þjóðfélagsfræði, búnaðarhagfræði, búnaðarsögu, búnaðarlandafræði, steina- og jarðfræði, lífeðlisfræði, mjólkurfræði, erfðafræði, byggingarfræði, gerlafræði, dönsku og ensku. Heimilt er að slá saman í eitt próf tveimur námsgreinum, sem hafa haft á stundaskrá 1 tíma á viku eða minna og gefa eina heila einkunn fyrir.

Gefa skal eina einkunn fyrir hverja af eftirtöldum verklegum greinum: Leikfimi, búsmíðar, meðferð véla og hirðingu búfjár. Frá þessari einkunnagjöf má þó breyta með leyfi ráðherra.

17. gr.

Við skriflegt próf skal ætla nemendum 2—4 stundir til úrlausnar verkefna eftir ákvörðun skólastjóra. Noti nemandinn óleyfileg hjálpargögn, veiti eða þiggi hjálp, hefur hann fyrirgert rétti sínum til prófs í það sinn.

18. gr.

Einkunnir skal gefa í heilum tölum frá 1 til 10 og tíundahlutum. Þó skal gefa einkunnina 0 fyrir afleita frammistöðu, og fellur hún samkvæmt 20. gr.

19. gr.

Nú getur nemandi ekki gengið undir próf sökum veikinda eða annarra gildra forfalla, og getur þá skólastjóri leyft honum að ljúka prófi á öðrum tíma. Geti nemandi ekki stundað leikfimi sakir vanheilsu, getur skólastjóra veitt undanþágu frá prófi í þeirri grein, en þó því aðeins, að viðkomandi nemandi leggi fram vottorð um vanheilsu sína frá lækni skólans.

20. gr.

Fullnaðareinkunn er meðaltal allra samantaldra einkunna. Til þess að nemandi standist próf, má fullnaðareinkunn hans í bóklegum og verklegum greinum til samans eigi vera lægri en 5.0. Þessa einkunn þarf til þess að standast próf úr yngri deild upp í eldri deild, svo og í námsgreinum eldri deildar til þess að ná búfræðiprófi. Þó stenzt enginn próf, sem hefur fengið 0 í einni grein eða 1 í fleiri greinum en einni. Kennarar skulu í sameiningu gefa einkunnir fyrir ástundun. Hún telst ekki með í fullnaðareinkunn.

Fullnaðareinkunnirnar	9.00—10.00	teljast	ágætiseinkunn.
—	7.25—8.99	—	1. aðaleinkunn.
—	6.00—7.24	—	2. —
—	5.00—5.99	—	3. —

21. gr.

Að afloknu prófi skal afhenda nemendum, sem standast prófin, prófskirteini með árituðum einkunnum fyrir hverja námsgrein ásamt fullnaðareinkunn og einkunn fyrir ástundun. Þeir einir, sem lokið hafa fullnaðarprófi í búfræði- eða hliðstæðu prófi frá búnaðarskólum erlendis hafa rétt til þess að bera starfsheitið búfræðingur.

V. KAFLI

Stofn- og rekstrarkostnaður o. fl.

22. gr.

Stofnkostnaður við að gera skólana og skólabúin svo úr garði, að þau geti sem bezt gegnt hlutverki sínu, samkvæmt lögum og reglugerð, svo og rekstrarkostnaður skólanna, greiðist úr ríkissjóði. Verði rekstrarhalli á skólabúunum skal hann greiðast úr ríkissjóði.

B. FRAMHALDSNÁM Í BÚFRÆÐI AÐ HVANNEYRI UM FRAMHALDSNÁMIÐ OG STJÓRN ÞESS

23. gr.

Við bændaskólann á Hvanneyri skal vera sérstök deild fyrir framhaldsnám í búfræði. Hlutverk hennar er:

1. Að veita æðri menntun í búfræði og undirstöðugreinum hennar. Skal kennslan einkum miðuð við það, að nemendur geti orðið virkir leiðbeinendur og tekið að sér trúnaðarstöður í þágu bændastéttarinnar, svo sem störf ráðunauta, kennslu við bændaskóla, tilraunastörf o. fl.

2. Að vinna að rannsóknum á sviði lanbúnaðarins.

24. gr.

Framhaldsdeildin skal hafa öll þau afnot af jörð, og búi á Hvanneyri, sem kennsla og rannsóknarstörf þarfnast.

25. gr.

Skólastjóri hefur á hendi umsjón og stjórn framhaldsnámsins og annast reikningsfærslu þess. Skulu reikningar sendir ráðuneytinu á sama hátt og reikningar bændaskólans. Skýrsla um framhaldsnámið skal birt með skýrslu bændaskólans.

26. gr.

Námstíminn er þrír vetur. Hefst hann hvern vetur í byrjun október og stendur með prófum til loka maí. Auk þess er heimilt, (tvisvar) á námstímanum að nota allt að einum mánuði að sumri í verklegt nám, svo sem mælingar, tilraunastörf, náttúru-skoðun (grasafr. o. fl.) o. fl. Við það skal miðað að árlegur kennslutími sé minnst 27 vikur, en próf standi yfir allt að 4—5 vikur.

27. gr.

Jólaleyfi skal vera frá 21. desember til 4. janúar að báðum dögum meðtöldum og páskafrí allt að 6 dagar.

28. gr.

Vanræki nemandi nám, mæti ekki í kennslustundir eða til verklegs náms eða brjóti reglur skólans, ber skólastjóra að áminna hann. Ef það ber ekki árangur, skal honum vísað úr skóla.

29. gr.

Ráðherra skipar fasta kennara við framhaldsnámið að fengnum tillögum skóla-stjóra. Þeir einir geta orðið kennarar við framhaldsnámið, sem eftir kandidatspróf hafa lagt stund á sérnám í þeim aðalgreinum, sem þeim er ætlað að kenna.

Inntökuskilyrði.

30. gr.

Skilyrði fyrir inntöku í framhaldsnámið séu þessi:

- Að umsækjandi sé búfræðingur og hafi hlotið 1. einkunn við búfræðipróf. Skólastjóri og kennarar geta veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.
- Að hann auk þess hafi stúdentspróf eða miðskólapróf og framhaldsmenntun í stærðfræði, íslenzku, dönsku og ensku, er svari sem næst til:
í stærðfræði stúdentspróf máladeildar,

- í dönsku til stúdentsprófs,
 í íslenzku og ensku prófs úr 2. bekk menntaskóla.
 c. Að hann sé fullra 19 ára.
 d. Að hann hafi óflekkað mannorð og sé ekki haldinn smitandi sjúkdómi.

31. gr.

Nemendur skulu senda inntökubeiðni til skólustjóra fyrir lok ágústmánaðar.
 Nemendur eru teknir á hverju hausti inn í 1. bekk framhaldsnámsins. Ef hentugt þykir, má kenna saman nemendum úr 2. og 3. bekk, þannig, að nemendur gangi úr 1. bekk ýmist upp í 2. bekk eða þriðja. Skal kenna undirstöðunámsgreinir í 1. bekk, en búfræðinámsgreinir í 2. og 3. bekk.

Námsefni og próf.

32. gr.

Kennslan fari fram í fyrirlestrum og yfirheyrslum eftir því sem skólustjóri og kennarar ákveða. Skal jafnan kosta kapps um að fá þá kennslukrafta, sem beztir eru fáanlegir í hverri grein.

33. gr.

Kenna skal eftirtaldar námsgreinar:

Í 1. bekk.

Efnafræði, bóklega og verklega	12 st. á viku, þar af 6 st. verkl.
Eðlisfræði, bókl. og verkl. og veðurfr.	6 — — — — — 3 — —
Grasfræði, bókl. og verkl.	7 — — — — — 3 — —
Gerlafræði, bókl. og verkl.	3 — — — — — 1 — —
Lifeðlisfræði	4 — — — — —
Stærðfræði	3 — — — — —
Söngur	1 — — — — —

36 st. á viku, þar af 13 st. verkl.

Í 2. og 3. bekk.

Jarðræktarfræði.

Jarðvegsfræði og jarðvegsefnagreiningar

Vatnsmiðlun

Ræktun og áburður

Nytjajurtir

Garðrækt

Illgresi og jurtasjúkdómar

Skógrækt

12 st. á viku, þar af 1 st. verkl.

Búfjárfræði.

Kynbótafræði

Búfjarkyn

Sköpulag búfjár

Næringarþörf búfjár

Búfjárfóður

Búfjársjúkdómar

16 st. á viku, þar af 4 st. verkl.

Mjólkurfræði

1 — — —

Erfðafræði

3 — — —

Búnaðarhagfræði

4 — — —

Búreikningar	3 st. á viku, þar af	1 st. verkl.
Hagfræði, almenn	2 — — —	
Atvinnusaga	2 — — —	
Landbúnaðarlög	1 — — —	
Véla- og verkfærafræði	6 — — —	2 — —
Byggingafræði	2 — — —	
Íslenzka, þar í framsögn	4 — — —	
Tilraunareikningur	3 — — —	
Sálarfræði	2 — — —	
Líffærafræði	2 — — —	
Dýrafræði	1 — — —	
Steina- og jarðfræði	2 — — —	
Fiskirækt	1 — — —	
Landmælingar og teiknun	3 — — —	2 — —
Söngur	2 — — —	

72 st. á viku, þar af 10 st. verkl.

Sumarnámskeið.

Hið fyrra sumar: grasasöfnun, landmælingar, dýraskoðun o. fl.

Hið síðara sumar: rannsóknarverkefni, verkleg tilraunastörf, verkfæraathuganir o. fl.

Hver nemandi skal fyrir lokapróf skila aðalritgerð um efni, sem hann velur sér með aðstoð kennara.

34. gr.

Einkunnir skal gefa sem hér segir:

Fyrir jarðræktarfræði	4	einkunnir alls
— efnafræði (bókl. 1, verkl. 1)	2	— —
— búfjárfæði	4	— —
— eðlisfræði	1	— —
— grasafæði (þar í grasasafn)	2	— —
— stærðfræði	1	— —
— lífeðlisfræði	1	— —
— gerlafræði	1/2	— —
— búnaðarhagfræði	1	— —
— búreikninga	1	— —
— alm. hagfræði	1/2	— —
— véla- og verkfærafræði	2	— —
— atvinnusögu	1/2	— —
— byggingafræði	1/2	— —
— fiskirækt og dýrafræði	1/2	— —
— líffærafræði	1/2	— —
— steina- og jarðfræði	1/2	— —
— íslenzku og framsögn	1	— —
— sálarfræði	1/2	— —
— erfðafræði	1	— —
— tilraunareikning	1	— —
— mjólkurfræði og landbún. lög	1/2	— —
— landmælingar, kortteiknun	1	— —
— aðalritgerð	2	— —

35. gr.

Við skrifleg próf skal ætla 2—4 stundir til úrlausnar verkefni eftir ákvörðun skólastjóra. Noti nemandi óleyfileg hjálpargögn, veiti eða þiggi hjálp, hefur hann fyrirgert rétti sínum til prófs í það sinn.

36. gr.

Einkunnir skal gefa í heilum tölum frá 0—10 og tíunduhlutum.

37. gr.

Fullnaðareinkunn er meðaltal allra samantaldra einkunna. Til þess að nemandi standist próf, má fullnaðareinkunn hans úr hverjum bekk fyrir sig ekki vera lægri en 5.0. Þó stenzst enginn próf, sem fær minna en 2.5 í nokkurri námsgrein.

Fullnaðareinkunnir 9.00—10.00 teljast ágætiseinkunn.

—	7.25— 8.99	—	1. aðaleinkunn.
—	6.00— 7.24	—	2. —
—	5.00— 5.99	—	3. —

38. gr.

Nemandi, sem ekki hefur staðizt próf í 1 eða 2 heilum námsgreinum (eða samsvarandi í hálfum námsgreinum) á rétt á því að þreyta prófið í þeim námsgreinum að nýju. En við útreikning á meðaleinkunninni gildir sú einkunn, sem fyrst var gefin. Hafi nemandinn ekki náð lágmarkseinkunn í 3 eða fleiri heilum námsgreinum (samanber 37. gr.) hefur hann ekki staðizt viðkomandi bekkjarpróf.

39. gr.

Að afloknum prófum skal afhenda nemendum þeim, sem hafa staðizt þau, prófskirteini með árituðum einkunnum fyrir hverja námsgrein, meðaleinkunn úr hverjum bekk og fullnaðareinkunn. Prófskirteini þetta veitir rétt til þess að nota titilinn búfræðikandidat (B.Sc.).

40. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar prófdómendur, að fengnum tillögum prófnefndar, til að dæma um úrlausnir nemenda í prófunum.

41. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar þrjá menn í prófnefnd. Verkefni nefndarinnar er að samþykkja prófverkefni þau, sem nemendur fá til úrlausnar í prófum. Enn fremur ber nefndinni að gera tillögur til ráðherra um val á prófdómendum. Einnig skal nefndin hafa eftirlit með, hvaða kennslubækur eru valdar í þeim námsgreinum, sem taldar eru í 33. grein.

42. gr.

Stofna skal í sambandi við framhaldsnámið fræðilegt bókasafn, einkum varðandi landbúnaðarmál. Skal það vera kennurum og nemendum til afnota, svo og eftir því sem ástæður leyfa, fyrir sérfræðinga á sviði landbúnaðarins. Það er hlutverk deildarinnar að koma á framfæri efni úr ritum þessum, sem haft geti þýðingu fyrir bændur og leiðbeinendur þeirra.

43. gr.

Ákvæði 26. og 31. greinar um 3 vetra nám og árlega inntöku nemenda koma ekki til framkvæmda fyrr en með skólaársbyrjun 1965, og verða 3 árgangar samtímis við nám í skólanum í fyrsta sinn skólaárið 1967—1968.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 55 20. apríl 1963, um bændaskóla, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin reglugerð nr. 188 7. nóvember 1949, um sama efni.

Landbúnaðarráðuneytið, 25. maí 1965.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.